



Stofnanasamningur

Fjölbrautaskóla Suðurlands

og

Kennarafélags Fjölbrautaskóla Suðurlands

Gildistími 11. mars 2021 – 1. september 2023

1. Kafli – Inngangur

Stofnanasamningur er hluti af kjarasamningi og er meðal annars ætlað að tryggja þróun og stuðla að skilvirkara launakerfi. Hann tekur mið af þörfum og verkefnum stofnunar og starfsmanna hennar. Hann er sérstakur samningur milli stofnunar og viðkomandi stéttarféлага um útfærslu tiltekinna þátta kjarasamnings gagnvart þörfum stofnunar og starfsmanna með hliðsjón af eðli, starfsemi, skipulagi og/eða öðru því sem gefur stofnun sérstöðu. Viðræður um stofnanasamning fara fram undir friðarskildu (sbr. grein 11.1 í aðalkjarasamningi). Samningsaðilar hafa haft að leiðarljósi að ná sáttum um launaröðun innan skólans og að hún sé hvetjandi og sanngjörn.

2. Kafli – Umfang

Samningurinn nær til allra starfsmanna Fjölbrautaskóla Suðurlands sem eru í FF og FS innan KÍ.

3. Kafli – Markmið

Markmið stofnanasamningsins er:

- ✓ Að færa ákvörðun um launasetningu starfa nær starfsvettvangi þar sem hægt er
- ✓ Að bregðast hraðar við breytingum sem eiga sér stað á störfum og skipulagi stofnana og stuðla að árangurstengingu launa í samræmi við markmið og stefnu stofnana (grein 11.2)
- ✓ Að auka gæði þjónustunnar með því að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda í FSu.
- ✓ Að launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti
- ✓ Að ná fram launajafnrétti kynja
- ✓ Að launakerfið verði starfsfólki hvatning til markvissrar vinnu og aukinna afkasta
- ✓ Að launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfsfólk sem hefur hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem skólanum er ætlað að sinna
- ✓ Að framgangur nýliða sé hraður
- ✓ Að umbunað sé fyrir viðbótar – og endurmenntun starfsmanna
- ✓ Að umbunað sé fyrir sérverkefni sem unnin eru innan stofnunarinnar (s.s. Flóafár, Káta daga, foreldrakynningar, opið hús, Gettu betur, skipulagning námsferða erlendis).

Samningnum er ætlað að bæta rekstrarskipulag skólans, bæta nýtingu rekstrarfjármagns og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi. Þannig mun samningurinn gefa starfsmönnum aukinn möguleika og tækifæri til bættra kjara sem og að þróast og bæta sig í starfi.

SMS APE
2019
2

4. Kafli - Röðun starfa í launaflokka.

Samkvæmt stofnanasamningi frá 2018 -2021 er launaprep vegna alúðar/frammistöðumats, sem greitt var annað hvert ár, hluti af grunnröðun kennara.

Ef röðun skv. stofnanasamningi frá 2018 er hærri en samningurinn 2021 kveður á um skal viðkomandi halda óbreyttum launaflokki og launaprepi þar til hann uppfyllir ákvæði samningsins um nýja röðun.

Við röðun í launaflokka er gengið út frá starfslýsingu, ábyrgð, hæfni, menntun og starfsreynslu.

4.1 Röðun kennara/leiðbeinanda í launaflokka

- | | |
|--|--------------|
| ○ Leiðbeinandi án fullnægjandi fagmenntunar raðast í | launaflokk 3 |
| ○ Leiðbeinandi með fagpróf raðast í | launaflokk 4 |
| ○ Leiðbeinandi með BA- eða BS próf raðast í | launaflokk 4 |

4.1.1 Áhrif menntunar á röðun kennara í launaflokka

- | | |
|---|---------------------------|
| ○ Kennari með uppeldis- og kennslufræði (kennsluréttindi) | launaflokk 5 |
| ○ MA/MS meistaraþráða í faginu | launaflokk 5, launaprep 3 |
| ○ Doktorsgráða | launaflokk 5, launaprep 4 |

4.1.2 Áhrif starfsreynslu á röðun kennara í launaflokka

- | | |
|------------------------|----------------|
| ○ Eftir 2 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| ○ Eftir 4 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| ○ Eftir 6 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| ○ Eftir 10 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| ○ Eftir 14 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| ○ Eftir 20 ár í starfi | 1 launaflokkur |

Sjá [fylgiskjal 4](#), um tímabundna hækkun hjá nýjum kennara sem ekki er með kennslureynslu frá 1. ágúst 2013.

Sjá [fylgiskjal 3](#), viðbótarákvæði um hækkun vegna heildstæðrar menntunar (ekki námsorlof) sem kennari tekur.

4.1.3 Viðmið um röðun starfa (þeirra sem ekki seldu kennsluafslátt 2001) í launaflokka við yfirfærslu í nýtt launakerfi:

- | | |
|--|----------------|
| ○ Leiðbeinandi án fullnægjandi fagmenntunar raðast í | launaflokk 3 |
| ○ Leiðbeinandi með háskólapróf/fagmenntun raðast í | launaflokk 4 |
| ○ Leyfisbréf til kennslu á framhaldsskólastigi | 1 launaflokkur |
| ○ Eftir 2 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| ○ Eftir 6 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| ○ Vegna aðlögunar að nýrri launatöflu | 1 launaprep |
| ○ Eftir 20 ár í starfi | 1 launaprep |

4.1.4 Röðun náms- og starfsráðgjafa

- | |
|--|
| ○ Náms- og starfsráðgjafi með diplóma próf í námsráðgjöf grunnraðast í launaflokk 7, launaprep 1 |
| ○ Náms- og starfsráðgjafi með MA próf í námsráðgjöf grunnraðast í launaflokk 8, launaprep 1 |

Handwritten notes and signatures in blue ink at the bottom right of the page, including the name "SMS" and a date "3".

4.1.4.1 Áhrif starfsreynslu náms- og starfsráðgjafa:

- | | |
|------------------------|----------------|
| ○ Eftir 2 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| ○ Eftir 4 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| ○ Eftir 6 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| ○ Eftir 10 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| ○ Eftir 14 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| ○ Eftir 20 ár í starfi | 1 launaprep |

Sjá fylgiskjal 3. um viðbótar laun vegna viðbótarmenntunar 1. launaprep

60 ECTS heildstætt viðbótar nám sem nýtist í starfi 1 launaprep

4.2 Röðun stjórnenda í launaflokka

- | | |
|---------------------------------------|----------------------------|
| ○ Aðstoðarskólameistari grunnraðast í | launaflokk 14, launaprep 1 |
| ○ Áfangastjóri grunnraðast í | launaflokk 13, launaprep 1 |

4.2.1. Áhrif starfsreynslu á röðun stjórnenda í launaflokka

- | | |
|--------------------------|----------------|
| ○ Eftir 2 ár í stjórnun | 1 launaflokkur |
| ○ Eftir 6 ár í stjórnun | 1 launaflokkur |
| ○ Eftir 12 ár í stjórnun | 1 launaflokkur |
| ○ Eftir 14 ár í stjórnun | 1 launaprep |
| ○ Eftir 20 ár í stjórnun | 1 launaprep |

Aðstoðarskólameistari raðast hæst í launaflokk 17, áfangastjóri raðast hæst í launaflokk 16.

Sjá fylgiskjal 3. um viðbótar laun vegna viðbótarmenntunar 1. launaprep

60 ECTS heildstætt viðbótar nám sem nýtist í starfi 1 launaprep

4.2.2. Kerfisstjórn

- | | |
|--|---------------------------|
| ○ Kerfisstjóri grunnraðast í | launaflokk 8, launaprep 1 |
| ○ Aðstoðarkerfisstjóri 630 tímar - grunnraðast í samræmi við kennsluröðun. | |

4.2.3 Kennslustjóri í fangelsum

- | | |
|--|--|
| ○ Kennslustjóri í fangelsum grunnraðast launaflokk 10, launaprep 1 | |
|--|--|

Áhrif starfsreynslu á röðun kennslustjóra í launaflokka

- | | |
|-----------------------|----------------|
| ○ Eftir 2 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| ○ Eftir 4 ár í starfi | 1 launaflokkur |
| ○ Eftir 6 ár í starfi | 1 launaflokkur |

SMS APE
OLG
HL
GMS

- Eftir 10 ár í starfi 1 launaflokkur
- Eftir 14 ár í starfi 1 launaflokkur
- Eftir 20 ár í starfi 1 launaprep

5. Kafli – Persónu- og tímabundnir þættir, verkefnisstjórnun

Röðun eftir tímabundnum þáttum tekur mið af álagi og umfangi þeirra verkefna sem kennari tekur að sér á hverjum tíma og þeim stofnanasamningi sem fyrir liggur í FSu (sjá fylgiskjöl 1 og 2 með stofnanasamningi þessum).

Annað hvert ár kemur til greiðsla vegna sameiginlegra verkefna, náms- og kynnisferðar erlendis, sú greiðsla er reiknuð 1% af heildarlaunum KÍ starfsmanna við FSu. Með þessari samþykkt eru allar greiðslur vegna alúðar/frammistöðumats inni í launasetningu félagsmanna KÍ sem starfa við FSu. Sé ferð frestað bætist við 0,5% af heildarlaunum KÍ starfsmanna við FSu við hvert ár sem ferð er frestað. Ekki er hægt að fresta ferð nema að samþykki beggja samningsaðila liggir fyrir.

6. Kafli – Skipan, hlutverk og starfshættir samstarfsnefndar

Með vísan í grein 11.4 í kjarasamningi um skipan, hlutverk og starfshætti samstarfsnefnda er kveðið svo á um að hjá stofnunum ríkisins skulu starfa samstarfsnefndir, sem skipaðar eru allt að 3 fulltrúum frá hvorum aðila, þ.e. stéttarfélagi/starfsmönnum og stofnun. KÍ skal tilnefna þrjá fulltrúa í samstarfsnefnd og jafnmarga til vara. Stofnunin tilnefnir allt að 3 fulltrúa og jafnmarga til vara.

Hlutverk samstarfsnefnda er að annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi sbr. gr. 11.3. Einnig skal samið um röðun starfa skv. 25.gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Nefndin á einnig að fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings. Í ellefta kafla kjarasamningsins er einnig fjallað um starfshætti samstarfsnefnda vegna gerðar/endurskoðunar stofnanasamnings verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans. Hvor aðili um sig getur kallað nefndina til stafa. Skal þá metið hvort forsendur hafi breyst þannig að ástæða sé til að gera breytingar á samningnum. Boða skal til samstarfsnefndarfundar svo fljótt sem gerlegt er, og aldrei seinna en fjórum vikum eftir að erindið berst. Þær breytingar sem gerðar eru á samningi þessum skal fella inn í samninginn tafarlaust eftir samþykkt og staðfesta hann síðan með áorðnum breytingum.

Að jafnaði skal endurskoða stofnanasamning á tveggja ára fresti. Náist ekki samkomulag um breytingar á samningnum innan þriggja mánaða frá fyrirlögn breytinga skal vísa málum til sáttanefndar fjármálaráðuneytis og KÍ sbr. gr. 11.5.

7. Kafli - Meðferð ágreiningsmála

7.1. Samstarfsnefnd

Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings til nefndarinnar. Beina skal erindi til gagnaðila með skriflegum hætti. Gagnaðili skal koma á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá því sem þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á launasetningu eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðarmótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið.

APE
5
SMS
Sundin
GDS

7.2. Sáttanefnd

Sáttanefnd skal skipuð 6 fulltrúum. Fjármálaráðuneytið og Kí tilnefna hvort um sig þrjá fulltrúa og þrjá til vara. Sáttanefnd skal taka fyrir þau mál sem til hennar er vísað skv. gr.11.4.3.1. Ákvarðanir sáttanefndar skulu taka mið af fjárheimildum stofnana. Nefndinni er heimilt að taka til umfjöllunar mál er varða stefnumarkandi tülkanir og álitafni er snerta framkvæmd og þróun kjarasamninga.

Beina skal erindum til sáttanefndar með skriflegum hætti. Sáttanefndarfundi skal koma á svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Sáttanefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar.

Nefndin setur sér að öðru leyti starfsreglur.

8. Kafli – Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi nær til allra starfsmanna Fjölbrautaskóla Suðurlands sem fá greidd laun samkvæmt samningi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs annars vegar og Kennarasambands Íslands hins vegar.

Samningurinn gildir frá 11. mars 2021 til 1. september 2023

9. Kafli – Undirritun samnings

Fulltrúar í samstarfsnefnd Fjölbrautaskóla Suðurlands

Selfossi 11. mars 2021


Olga Lisa Garðarsdóttir

Skólameistari



Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir

Framhaldsskólakennari




Sigursveinn M Sigurðsson

Aðstoðarskólameistari



Guðmundur Björgvin Gylfason

Framhaldsskólakennari




Haraldur Eiríksson

Fjármálastjóri



Ægir Pétur Ellertsson

Framhaldsskólakennari/Trúnaðarmaður



Fylgiskjöl, 1, 2, 3, 4, 5 fylgja með stofnanasamningi þessum sem og starfslýsingar svið- og fagstjóra

Fylgiskjal 1

Sviðsstjóri: stærðfræði, raungreina, verknáms, lista, hestamennsku og íþróttta. Samtals 630 tímar á ári

- | | |
|-------------------------------|-------------------------|
| ○ Fagstjóri stærðfræði | Samtals 72 tímar á ári. |
| ○ Fagstjóri verknáms. * | Samtals 72 tímar á ári. |
| ○ Fagstjóri húsasmíði | Samtals 36 tímar á ári |
| ○ Fagstjóri málmíðngreina | Samtals 36 tímar á ári. |
| ○ Fagstjóri rafiðngreina | Samtals 36 tímar á ári. |
| ○ Fagstjóri raungreina | Samtals 36 tímar á ári. |
| ○ Fagstjóri íþróttta | Samtals 36 tímar á ári. |
| ○ Fagstjóri hestamennsku | Samtals 36 tímar á ári. |
| ○ Fagstjóri sjúkraliðabrautar | Samtals 36 tímar á ári. |

Sviðsstjóri: íslensku, tungumála, samfélagsgreina og lífsleikni. Samtals 630 tímar á ári.

- | | |
|------------------------------------|-------------------------|
| ○ Fagstjóri íslensku | Samtals 72 tímar á ári. |
| ○ Fagstjóri ensku. | Samtals 72 tímar á ári. |
| ○ Fagstjóri samfélagsgr. (við.gr.) | Samtals 72 tímar á ári. |
| ○ Fagstjóri skapandi greina ** | Samtals 72 tímar á ári. |
| ○ Fagstjóri þriðju mála. | Samtals 36 tímar á ári. |
| ○ Fagstjóri dönsku. | Samtals 36 tímar á ári. |
| ○ Fagstjóri lífsleikni. | Samtals 36 tímar á ári. |
| ○ Fagstjóri Braga | Samtals 36 tímar á ári. |

*GMF, HÁR, HÚS, RAF, MÁLM **MYN, NÝMI, HÖTE, TÖL, MATR, LEIK

Sviðstjóri sérkennslu. Samtals 1100 tímar á ári.

Kennslustjóri í fangelsum. Samtals 786 tímar á ári.

- | | |
|---|--------------------------|
| ○ Félagslífs- og forvarnarfulltrúi - 2 aðilar | Samtals 180 tímar á ári. |
| ○ SKOH verkefnisstjóri | Samtals 72 tímar á ári. |
| ○ Jafnréttisfulltrúi. | Samtals 36 tímar á ári. |
| ○ Fagstjóri námsráðgjafar | Samtals 36 tímar á ári. |

SMS
OLG
AEPÉ
Sundur
GTS.

Fylgiskjal 2

| Sértæk verkefni | Klst./ári | Þrep |
|---|-----------|------|
| Tæki/innkaup/stofa - myl., hönn., mat., eðli., efna., líff. | 12 | 0 |
| Tæki/innkaup/stofa- málm., húsa., rafm., hárg., gmf. | 18 | 0 |
| Hestamennska - umsjón með verknámi | 120 | 0 |
| Mötuneyti - bókhald - uppgjör | 110 | 0 |
| Skipulagning kynnisferðar erlendis (samtals fj. tíma) | 120 | 0 |

Fylgiskjal 3**Sérákvæði stofnanasamnings FSu og KFSu vegna heildstæðs náms í eitt ár**

Framhaldsskólakennari/stjórnandi sem ráðinn er við Fjölbrautaskóla Suðurlands getur tekið eins árs launalaust leyfi til heildstæðs náms sem nýtist í starfi. Við endurkomu til starfa fær hann eitt launþrep (sambærilegt við kennara sem lokið hafa launuðu námsorlofi).

Þetta ákvæði gildir einu sinni á starfsferli viðkomandi við FSu hvort sem um er að ræða launað eða ólaunað orlof.

Gildistími þessa ákvæðis er frá og með hausti 2010.

Fylgiskjal 4

Tillögur til hækkunar launa vegna endurmenntunar annars vegar og röðunar kennara sem eru að hefja kennslu hins vegar.

1. Tímabundið 1 launabrep fyrir endurmenntun sem svarar 65 klst.

- a. Um er að ræða nám sem nýtist í starfi
- b. Einingabært nám, námskeið, fræðsluerindi eða fyrirlestra, ráðstefnur, námsferðir og fundir utan vinnutíma á vegum skólans, annað sérhæft nám.
- c. Námskeið og fræðsluerindi á vegum skólans verða metin til endurmenntunar.
- d. Náms og kynnisferð FSu erlendis annað hvert ár er metin til 20 klst.
- e. Kennari sér alfarið um að halda utan um gögn sín sjálfur (staðfesting á þátttöku) og þarf að gera sér grein fyrir því fyrir fram hvort viðkomandi nám nýtist í starfi.
- f. Þegar safnast hafa samtals 65 klst. er gögnum skilað inn til aðstoðarskólameistara.
- g. Tvö skilatímabil eru:
 - i. Fyrir 20. ágúst. Þrepið tekur gildi 1. ágúst.
 - ii. Fyrir 30. nóvember. Þrepið tekur gildi 1. febrúar.
- h. Þessi tímabundna hækkun kennara er til eins árs í senn.
- i. Staðfesting á endurmenntun getur aldrei verið eldri en þriggja ára þegar henni er skilað inn. Ónýttar stundir falla niður við umsókn.

2. Tímabundin hækkun launa hjá nýjum kennara sem hefur ekki kennslureynslu. Um er að ræða að lágmarki 50% starf.

Hækkunin nemur 2 launabrepum, hækkunin gildir í tvö ár.

Skýring: Það er mikil vinna og álag að hefja kennslu á framhaldsskólastigi. Eins og er raðast nýr kennari mjög lágt í upphafi kennsluferils. Þessi tillaga er hugsuð sem svar við þeirri röðun.

Selfossi 24. febrúar 2021.

Tímabundinn viðauki við fylgiskjal 4

(gildistími 01.02.2021-31.01.2022).

Í ljósi verulegra breytinga á kennsluháttum framhaldsskólakennara í kjölfar Covid -19, frá mars 2020 og fram til janúar 2021, hefur orðið að samkomulagi að félagar í KÍ (FF/FS) sem taka laun samkvæmt KÍ samningum og voru á launaskrá 1. febrúar 2021 fái 1 launabrep til hækkunar í eitt ár, frá og með 1. febrúar 2021 til 31. janúar 2022.

Vísað er til fylgiskjals 4. í stofnanasamningi KFSu og FSu en sá viðauki fjallar um endurmenntun sem veitir tímabundna hækkun launa.

Litið er svo á að allir KÍ félagar hafi klárað 80 klst. endurmenntun tengdri kennslu á síðasta ári vegna breytinga og meiri áherslu m.a. á fjarkennslu.

[Handwritten signatures and initials]
SMS
APE
9
KFS

Fylgiskjal 5

Reglur um ívilnanir skólans vegna menntunar starfsmanna á starfstíma skólans:

- Skólinn veitir starfmönnum launað leyfi til að sækja námskeið eða stunda réttinda- og framhaldsnám í sinni kennslugrein eða á því sviði sem þeir vinna við innan skólans.
- Launuð leyfi vegna reglulegs náms starfsmanns eru að hámarki 5 virkir dagar á önn.
- Launuð leyfi vegna styttri námskeiða starfsmanns eru að hámarki 4 virkir dagar á skólaári.
 - Launuð leyfi geta að hámarki samtals (reglulegt nám og styttri námskeið) orðið 5 virkir dagar á önn.
- Fari leyfistími fram yfir ofangreindan dagafjölda skal draga þá daga frá launum starfsmanns. Starfsmenn skulu haga námi sínu þannig að það valdi sem minnstri röskun á skólastarfinu.

Reglur um leyfi sem veitt eru á starfstíma skóla og tengjast einkamálum starfsmanna:

- Veitt eru leyfi vegna sérstakra aðstæðna starfsmanna.
- Hafi leyfi áhrif á kennslu hjá viðkomandi starfsmanni skal hann sjá til þess að nemendur fái þá þjónustu sem til er ætlast. Þurfi forfallakennara skal viðkomandi starfsmaður útvega hann og greiða laun hans.
- Ekki er ætlast til að fenginn sé forfallakennari standi leyfið aðeins í einn dag.

OLG
SMS
APEPE
10
Sundberg
GOS

Starfslýsingar

Sviðsstjóri bók- og verknáms:

Sviðsstjórar vinna í nánu samstarfi við yfirstjórn annars vegar og fagstjóra hins vegar.

Peir:

- Vinna saman að úrlausn verkefna.
- Sitja vikulega fundi með yfirstjórn skólans. Sjá um ritun fundargerðar og vistun í GoPro skjalakerfi.
- Skipuleggja í mesta lagi þrjá fundi á önn með fagstjórum þar sem farið er yfir ýmis mál sem eru í gangi.
- Aðstoða kennara með kennsluumhverfi Innu.
- Skipuleggja fagfundi í samstarfi við fagstjóra.
- Aðstoða fagstjóra varðandi málefni deilda eftir þörfum.
- Taka við fundargerðum deilda og vista í GoPro.
- Aðstoða fagstjóra (einkum stærri deilda) við að halda utan um verkefni á prófatíma.
- Aðstoða fagstjóra við keppni í viðkomandi greinum (t.d. stærðfræðikeppnin).
- Vinna að yfirlestri og uppfærslu heimasíðu skólans, og vinna að úrbótum í samvinnu við vefstjóra.
- Vinna að endurskoðun og viðhaldi skólanámskrár, í samvinnu við yfirstjórn og kennara.
- Vinna í samráði við námsráðgjafa og fagstjóra að úrræðum fyrir "spólara" í kerfinu.
- Hafa umsjón með innheimtu námsáætlana og koma þeim út á vef skólans.
- Hafa umsjón með innheimtu lokaprófa og að kennarar visti lokapróf sinna áfanga á H-drif/Innu að loknu námsmati.
- Hafa umsjón með gerð ársskýrslu skólans í lok skólaárs.
- Safna saman og greina tölulegar upplýsingar um skólastarfið frá ári til árs, vinna að úrbótaferli og viðhaldi þess í samvinnu við stjórnendur.
- Sitja í sjálfsmatsteymi skólans ásamt aðstoðarskólameistara. Sjá um ritun fundargerða og vistun í GoPro skjalakerfi.
- Annast leiðréttingar á vali nemenda ásamt áfangastjóra.
- Veita nemendum verðlaun/viðurkenningu við brautskráningu.
- Bera ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd lokaprófa/prófstjórn.
- Tengiliðir við Advania vegna Innu, milliganga um ýmis mál vegna fyrirspurna kennara.
- Uppfæra námsgagnalista hvernar annar í Innu og koma þeim til bókaverslana á svæðinu.
- Utanumhald nýnemadags í upphafi haustannar í samvinnu við fagstjóra í Braga.
- Tengja saman eldri nemendur og umsjónarkennara með tilliti til stundartöflu og brautar nemandans.
- Áfangamessa, skipulag og utanumhald hvort sem er á rafrænu eða hefðbundnu formi.
- Umsjón með fjarnámi grunnskólanemenda, skráning í Innu og utanumhald.
- Skipulag og framkvæmd samráðsfunda með grunnskólum svæðisins.
- Annast umsjón með veffréttum á heimasíðu.



Sviðstjóri sérkennslu:

- Sér um kynningu á námstilboðum fyrir nemenda með fatlanir og almenna námsöðrðugleika.
- Er í góðu samstarfi við sérkennara og námsráðgjafa grunnskólanna í skólaumdæmi FSu.
- Hefur umsjón með innritun nýnema á starfsbraut.
- Sér um staðfestingu kennsluáætlana í sérkennslu og sér til þess að þær séu uppfærðar.
- Situr teymisfundi með foreldrum, umsjónarkennurum, fulltrúum félagsþjónustu, fulltrúum greiningastöðva, sálfræðingum, sjúkraþjálfurum og öðrum meðferðaraðilum nemenda.
- Stýrir vikulegum fagkennarafundum og miðlar upplýsingum af teymisfundum um úrræði vaðandi einstaka nemendur á starfs- og atvinnulífsbraut.
- Leiðbeinir nýjum kennurum með fagleg efni í sinni kennslugrein.
- Hefur náið samráð við námsráðgjafa skólans um nemendur starfsbrautar.
- Hefur náið samstarf ásamt kennurum starfsnámsbrautar við foreldra nemenda starfs- og framhaldsskólabrautar eftir því þörf krefur.
- Hefur umjón með samskiptum við aðra framhaldsskóla á sviði sérkennslu.
- Tryggir að aðgengi fatlaðra í stofnuninn sé með sem bestum hætti í samvinnu við húsverði og stjórnendum.
- Kemur að vali á námsefni og útvegun kennslugagna ásamt kennurum starfsbrautar.
- Kemur að öllu innra skipulagi sérkennslunnar, svo sem kennsluskiptingu, áfanga í boði og stundatöflugerð í samvinnu við áfangastjóra.
- Fylgist með fjarveru kennara og skipuleggur forfallakennslu eftir því sem þörf krefur og tilkynnir fyrirkomulag forfallakennslu á skrifstofu.
- Tekur ákvörðun um niðurröðun nemenda á námsbrautir innan sérkennslunnar.
- Er í nánú samstarfi við deildarstjóra sérkennsludeildar menntamálaráðuðneytis með stjórnendum.
- Varðveitir á öruggan hátt öll greiningargögn um nemendur starfsbrautar.
- Heldur utan um lokapróf nemenda á starfsbraut í samvinnu við prófstjóra.
- Er í góðu samstarfi við fulltrúa Suðurlandsdeildar "Atvinnu með stuðningi" og fulltrúa Fræðslunets Suðurlands sem sinna kennslu fatlaðra og nemenda með almenna námsöðrðugleika.
- Vinnur ársskýrslu í lok skólaárs.

Fagstjóri:

- Vinnur í nánú samstarfi við sviðsstjóra, kennara og yfirstjórn.
- Vinnur með kennurum að gerð námsáætlana í kennslugreinum og sér til þess að í upphafi annar séu þær til staðar í möppu á innra neti skólans.
- Hefur yfirsýn yfir kennslu í námsgreinunum viðkomandi deildar.
- Vinnur að hagsmuna- og framfaramálum námsgreinanna í samráði við kennara deildar.
- Aðstoðar kennara við framkvæmd lokaprófa í samvinnu við prófstjóra
- Stuðlar að góðu verklagi og aðstoðar kennara við samræmingu námsmats í sömu áföngum.
- Er aðstoðarskólameistara og sviðsstjórum til ráðgjafar varðandi kvartanir nemenda um námsmat.
- Er stjórnendum til samráðs um áherslur í skólastarfinu á hverjum tíma varðandi kennsluáðferðir, kennsluskiptingu, áfanga í boði, nýtt námsefni, kennslubúnað og annað sambærilegt.
- Hefur umsjón með handleiðslu nýrra kennara í viðkomandi kennslugreinum ásamt samkennurum.
- Hefur umsjón með því að val á námsefni liggir fyrir og upplýsingar berist sviðsstjórum á tilsettum tíma
- Veitir stjórnendum upplýsingar um nám og kennslu í viðkomandi kennslugreinum og aðstoðar við keppni í viðkomandi námsgreinum í samvinnu við sviðsstjóra.
- Mætir á boðaða fagstjórafundi með sviðsstjórum allt að 3x á önn.
- Skipuleggur fagfundi í samvinnu við sviðsstjóra, stjórnendum.

Handwritten signatures and initials: *OLG*, *ARE*, *SMS*, *Andri*, *APS*. The number 12 is written below the signatures.

- Skrifar skýrslu í lok skólaárs í samvinnu við kennara.

OLG EPE
13
SMS
GDS.